



SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Þröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur og Ólafur Óskar Egilsson, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um kostnaðarmat á yfirfærslu yfir í Teams voice

Á fundi stafræns ráðs þann 9. nóvember 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands, sbr. 6. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands spyr hvernig kostnaðarmat á yfirfærslu yfir í Teams voice verður gert, sérstaklega í ljósi þess að kaup og viðhald á farsímum eru á forræði hvers og eins leikskóla. Er slíkur afleiddur kostnaður fyrir starfseiningar tekinn til greina og sundurliðaður í kostnaðarmati? Farsímar eru dýr tæki og kaup slíkum tækjum fyrir starfsfólk og/eða deildir bæði leik- og grunnskóla eru fjárhagslega íþyngjandi. Þannig hafa ekki allir leik- og grunnskólar farið í slík innkaup. Mun Reykjavíkurborg bæta upp þessi auknu fjárútlát hjá leik- og grunnskólum ef ákvörðun verður tekin um að hætta með landslínusíma og notast einungis við farsíma? Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands vill einnig benda á áhættuna sem fylgir því að notast aðeins við eitt fjarskiptakerfi. Hvernig mun Reykjavíkurborg tryggja að hægt sé að ná sambandi við allar starfsstöðvar borgarinnar? Er gert ráð fyrir viðvarandi rafmagnsleysi í áhættumati? Ljóst er að miðað við ástandið í loftslagsmálum gætu slíkar aðstæður komið oft upp og verði með tímanum sífellt tíðari og alvarlegri.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 12. janúar 2023.

Svar:

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands spyr hvernig kostnaðarmat á yfirfærslu yfir í Teams voice verður gert, sérstaklega í ljósi þess að kaup og viðhald á farsímum eru á forræði hvers og eins leikskóla.

Ákvörðun að innleiða Teams voice byggir að stórum hluta á ítarlegri greiningu danska ráðgjafafyrirtækisins Salamon&Company, frá 2020, það sama og gerði þarfagreiningu á símkerfi Kaupmannahafnar. Niðurstaðan er að árlegur rekstrarkostnaður að reka núverandi símkerfi eða skipta alfarið yfir Teams Voice leyfi er sambærilegur eða í kringum 90 mkr.

Áhættumatið lækkar um 15% við innleiðingu á Teams Voice sem liggur í að rekstur einfaldast með einu miðlægu símkerfi í stað 72 ólíkra símkerfa sem nú eru í rekstri. Teams Voice er tölvusími og skýjalausn sem liggur ekki á vélbúnaði og er ekki bundið t.d. kopartengingum. Þetta opnar því á þann möguleika að bjóða út reglulega rekstur á símkerfinu.



Með Teams Voice er hægt að notast við tölvur, farsíma og nettengda borðsíma jöfnum höndum. Við innleiðingu verða nettengdir borðsímur settir upp í grunnskólum, leikskólum og á aðra umönnunarstaði í samvinnu við stjórnendur viðkomandi starfsstaða. Rétt er geta þess að starfsfólk leiksskóla hefur síðan gjarnan falast eftir að fækka borðsímum og notast við farsíma í staðinn þar sem það hentar starfseminni oft betur. Í þessari innleiðingu er reiknað með að borðsímum í Reykjavíkurborg fækki um 665 tæki.

Rekstraraðilar eins og Vodafone sem Reykjavíkurborg er í viðskiptum við sem og önnur fjarskiptafyrirtæki eru að útleiða og leggja niður eldri símsstöðvar, ISDN þjónustur og loka hefðbundnum landlínunúmerum og því er breytinging þessutan óumflýjanleg að einhverju leyti.

Er slíkur afleiddur kostnaður fyrir starfseiningar tekinn til greina og sundurliðaður í kostnaðarmati?

Samkvæmt greiningu Salamon&Company var reiknað með innleiðingarkostnaði um 105 mkr. Borðsímur, farsímur og heyrnatól eru 65% af innleiðingu. Kostnaður við borðsíma fellur undir fjárfestingu en annar búnaður fellur á viðkomandi kostnaðarstað.

Mun Reykjavíkurborg bæta upp þessi auknu fjárútlát hjá leik- og grunnskólum ef ákvörðun verður tekin um að hætta með landslínusíma og notast einungis við farsíma?

Nú er það þannig að leik- og grunnskólar eru hluti Reykjavíkurborgar. Innleiðing á Teams Voice ásamt öðrum nýjum hugbúnaðarlausnum breyta rekstrarumhverfi símkerfa og því er eðlilegt að fjárveitingar einstakra starfsstaða taki mið af því, en það er ekki á forræði þjónustu- og nýsköpunarsviðs að taka ákvörðun um slíkt.

Hvernig mun Reykjavíkurborg tryggja að hægt sé að ná sambandi við allar starfsstöðvar borgarinnar? Er gert ráð fyrir viðvarandi rafmagnsleysi í áhættumati?

Verði einstaka starfsstaður rafmagnslaus þá er tölvusími eins og Teams Voice öruggari kostur en borðsímur þar sem hægt verður að hringja í gegnum Teams í fartölvu og Teams í farsíma en hefðbundnir borðsímur sem í rekstri verða eftir að landlínunúmer verða aflögð bjóða ekki upp á slíkt.

Komi til allsherjar rafmagnsleysis þá er Teams Voice ekki verri kostur en eldra símaumhverfi en í verstu tilfellum þarf að treysta á hefðbundið símtal í farsíma.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Þróstur Sigurðsson,
skrifstofustjóri Stafrænnar Reykjavíkur

og

Ólafur Óskar Egilsson,
skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu